

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2001 frá 30. mars 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 177 frá 5. október 1999 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128 B)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 178 frá 9. desember 1999 um túlkun 1. og 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir koma aftan við lið 3.55 (ákvörðun nr. 176) í VI. viðauka við samninginn:

„3.56 **32000 D 0748:** Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 177 frá 5. október 1999 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 128 og E 128 B) (Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 65).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 16,

⁽²⁾ Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 65.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 71.

3.57 **32000 D 0749:** Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 178 frá 9. desember 1999 um túlkun 1. og 2. mgr. 111. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (Stjtið. EB L 302, 1.12.2000, bls. 71).“

2. gr.

Texti ákvarðana nr. 177 og 178 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.